

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Hofsós og Grafarós
í Skagafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hofsós og Grafarós í Skagafjarðarsýslu.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Hofsóss og Grafaróss kaптún í Skagafjarðarsýslu.

1. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Hofsóss og Grafaróss kaптún ásamt þurra-
búðarhúsum þeim, sem eru í grenn við kaптúnin.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar; auk hans eiga sæti í
nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kys til þriggja ára, og annar er sýslunefnd
tilnefnir af íbúum kaптúnsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir
tveir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar
á ári, í marsmánuði, í júnimánuði og októbermánuði. Hann ákveður fundartíma
og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir
og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þó
tafarlaust skjóta málinu til sýslumannnsins.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja á fundum nefnd-
arinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett.

Formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er leiðir af brjefaskriftum skal greiða úr
hreppsjóði eftir reikningi.

4. gr.

85

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á, að heilbrigðissamþyktnin sje haldin 24. júní og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er umræðir í samþykkt þessari eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almanna færi eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþyktnin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður annar en formaður krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eiga að gera til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða á samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fje sé veitt.

Nú neitar hreppsnefnd slíkrí fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sje viðhöfð, og trjególf í öllum íbúðarherbergjum. Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstað sje herbergi, sjeu þau svo óhrein, að nefndin álti húsbúum hætta búin.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd áltur heilsu manna hætta búna af íbúðinni, og getur nefndin þá bannað íbúðina. Skal þá nefndin tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni þyki viðunandi. Þó er húseiganda frjálst innan átta daga að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis, og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

24. júní

Kjallara má eigi nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. Um skóla.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar til fjórum sinnum á ári, eftir því sem henni þykir þurfa.

Hver sá, er tekur til kennslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætli að kenna.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 80 rúmfet, að minsta kosti, komi á hvert barn. Gólf í kenslustofum skal þvo á hverjum degi en aldrei sópa.

10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd vör við, að nemendur eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeraðslækni og tilgreina nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru. Hafi skólakennari eða nemandi berklaveiki og læknir álitur, að um sóttnæmishættu sje að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað að nemendur eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er afstaðin að dómi læknis. Holdsveik börn mega ekki ganga á skóla nje holdsveikir menn fást við kenslu. Um aðra næma sjúkdóma fer eftir áliti hjeraðslæknis í hverju einstöku tilfelli.

IV. Um bökunarhús.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bökunarstofum í kaптúnunum og skipa bökurum að þvo gólf, loft og veggj, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, er lungnatæringu hafa nje nokkurn annan næman sjúkdóm eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum, og enginn má sofa í stofunum.

V. Um samkomuhús o. fl.

12. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í kaптúnunum,

og sjá um að þau sjeu ræstuð hvenær sem hún álitur þess þörf. Vilji eigendur ekki sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum. Verði kirkja bygð í kaптúnunum gilda hinar sömu reglur fyrir hana. Í skólum, kirkjum og öðrum samkomuhúsum, skal loftræsing vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður. 85
24. júní

VI. Um fráræslu.

13. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á að það saurgi jarðveginn undir húsum. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsinu svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi komi pollar eða vilpur og hvergi flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt að vatnsheldur botn sje gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur kjósa að bera skólp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd áliti hættulaust.

14. gr.

Ef ræsi eru gerð á opinberann kostnað, skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gera ræsi hver frá sinu húsi út í aðalræsið, og skulu þau að engu miður gerð.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa, að gera ræsi frá húsum þessum, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þörf.

VII. Um vatnsból.

15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum, er bannað að láta að þeim koma eða í þau fara renslí úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má eigi láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt það annað, er óhreinakar vatnið, eins fyrir því þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

16. gr.

Brunn má ekki grafa nær haugum, forum eða salernum, en svo, að millibilið sje 15 álnir.

85 Nú vill einhver gera nýjan brunn eða breyta gömlum brunni, og skal
24. júní hann tilkynna það heilbrigðisnefnd, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er grefti eða brunnur er lokið, hvort nýtilegt er, og hafa gætur á að brunnurinn sje gerður á þann hátt, sem hjer segir:

Sje brunnur boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess, að samkeytin milli leggjanna sje vatnsheld.

Sje brunnur grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða hörðum steini og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gerð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en þó aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal þá láta einhverskonar límkendan leir, og skal það lag vera 1 al. á þykkt. Hleðslan skal ná $1\frac{1}{2}$ alin eða meira upp úr jörðinni og útfrá; frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera að minsta kosti $1\frac{1}{2}$ alin að breidd og halla útfrá brunnopinun.

Yfir brunnopinun skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatnið úr brunnum með dælu, er gangi upp í gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo að loft komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreiniðindi í nánd, má heilbrigðisnefndin leyfa, að brunnur sje gerður úr grjóti, án steinlíms, og vatnið dregið upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu að minsta kosti $1\frac{1}{2}$ alin á hæð.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka neysluvatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Leiði læknisrannsóku í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unt að gera við vatnsbólið svo vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofani brunnum og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

VIII. Um peningshús, hauga og forir.

18. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

19. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haugshús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið og skal hún gæta þess, að haldin sje fyrirmæli þau er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi nje alfaravegi en nemi 10 álnum. For má ekki gera og ekki hafa haug nær alfaravegi eða íbúðarhúsi en nemi 10 álnum, og ekki nær

vatnsbóli en 15 álnir. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{2}$ al. eða meira upp úr 85 jörðu og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn 24. júní eða skepnur geti eigi fallið í forina.

Standi hús þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haugshús og heimtað, að forir sjeu gerðar úr grjóti og steinlími, svo að þær sje vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

20. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarinnar greinar, en heimilt er þá viðkomanda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má.

IX. Um salerni.

21. gr.

Þá er reist er hús til íbúðar skal jafnframt reisa salerni, er sett sje á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinsteyppt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfíð hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að setunni. Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi má hafa salerni yfir henni þannig, að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin tæmd jafnskjótt og þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar láta megi saur úr salernum.

23. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en samþykkt þessi eða þau eru illa gerð eða óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkvæmt 21. gr.

Þeir, sem halda daglaunafólk, skulu skyldir að hafa salerni svo mörg eða stór, sem heilbrigðisnefnd álitur nægja, og gilda hinar sömu reglur um frágang þeirra, sem annara salerna.

- 85 Sjómenn, sem í sjóbúðum búa um vertíðir, hvort heldur eru heimilis-
 24. júní fastir í kaптúnunum eða aðkomumenn, eru skyldir, þegar heilbrigðisnefnd krefst þess, að koma sjer upp sjerstökum salernum. Formenn og útvegseigendur bera ábyrgð á að kröfum heilbrigðisnefndar sje fullnægt í þessu efni, og gilda einnig hinar sömu reglur um þessi salerni og þau sem fyr um ræðir í samþykktinni.

X. Um sorp og önnur óhreinindi.

24. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nær íbúðarhúsum nje vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorp, að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu jafnóðum og þau fyllast, á þann stað er hún tiltekur.

25. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum í sjóinn, ef þessu er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd tiltekur, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt.

Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sje hlýtt.

Ef fiskæti, sem ætlað er til manneldis eða skepnufóðurs liggur í óhirdu og maðkar eða rotnar í fjöruinni eða annarstaðar nærri alfaravegi, getur heilbrigðisnefnd skipað eigendunum að kasta því í sjóinn eða látið gera það á þeirra kostnað.

26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eign þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem lýsisbræðsla, sýtun, fiskþvottur o. s. frv. skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrir-mælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. *Um slátrun.*

85

24. júní

28. gr.

Slátrun á sauðfje fari fram á afviknum stað og sje háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Ávalt skal hafa á blóðvelli sjerstakt ilát fyrir sulli, og skulu þeir brendir að kveldi hvers slátrunardags eða grafnir að minsta kosti 1 alin í jörð niður.

XII. *Um matvöru.*

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, er sje svikin skemd eða skaðleg heilsu manna og skal henni heimilt að taka í búðum kaupmanna fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til að sje svikin, skemd eða skaðleg, og láta rannsaka hana á efnaraunnsóknarstofunni í Reyjavík, og skal kostnað þann greiða úr sveitarsjóði.

Nú þykir heilbrigðisnefnd og hjeraðslækni mikil líkindi til, að matvaran sje óholl til manneldis, og má þá banna seljanda að láta hana fala, þar til er álit rannsóknarstofunnar í Reykjavík er kunnugt orðið, og sje það í þá átt, að varan sje skaðleg, má banna seljanda að selja hana til manneldis.

Kjöt af veikum skepnum og sjálfdaudum má ekki selja til manneldis, nema hjeraðslæknir eða dýralæknir álíti það hættulaust.

XIII. *Um næma sjúkdóma.*

30. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða hjeraðslækninn við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, sem samþykktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stund strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

85

24. júní

XIV. Um kirkjugarða.

31. gr.

Verði gerður kirkjugarður á samþyktarsvæðinu eða hann stækkaður, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo að vatn komi ekki uppí grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu eigi nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Svo fljótt sem því verður viðkomið skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

XV. Um sektir.

32. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkura þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1912.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

I stjórnarráði Íslands, 24. júní 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.